



# Hlutaúttekt að beiðni velferðarráðuneytisins

## Hjúkrunarheimilið Kumbaravogi

Mat á gæðum og  
öryggi þjónustu

Desember 2016



**Embætti  
landlæknis**  
Directorate of Health



Embætti  
landlæknis  
Directorate of Health

*Hlutaúttekt á hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi að beiðni  
velferðarráðuneytisins*

Höfundar:

Leifur Bárðarson sviðsstjóri  
Laura Sch.Thorsteinsson hjúkrunarfræðingur  
Salbjörg Bjarnadóttir geðhjúkrunarfræðingur  
Sigríður Egilsdóttir hjúkrunarfræðingur  
Birgir Jakobsson landlæknir

Útgefandi:

Embætti landlæknis  
Barónsstíg 47  
101 Reykjavík  
[www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

Reykjavík 2016

© 2016 Embætti landlæknis  
Leyfilegt er að afrita og nota efni þessa rits,  
sé heimildar getið.

# Hlutaúttekt að beiðni velferðarráðuneytisins

## Hjúkrunarheimilið Kumbaravogi

Mat á gæðum og öryggi þjónustu

Desember 2016

## INNGANGUR

Að beiðni velferðarráðuneytisins, sem barst 2. desember 2016, gerði Embætti landlæknis hlutaúttekt á hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi í ljósi úttektar heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Einnig var fylgt eftir úttektum árin 2012 og 2015 og ábendingum embættisins í kjölfar þeirra.

Fulltrúar embættisins, Anna Björg Aradóttir sviðsstjóri, Leifur Bárðarson sviðsstjóri, Sigríður Egilsdóttir og Laura Sch. Thorsteinsson verkefnisstjórar fóru í heimsókn á Kumbaravog þann 5. desember 2016 og ræddu við hjúkrunarforstjóra, hjúkrunarfræðing og framkvæmdastjóra og skoðuðu heimilið.

## NIÐURSTAÐA EMBÆTTIS LANDLÆKNIS AÐ LOKINNI HLUTAÚTTEKT

### Mönnun

Hlutfall faglærðra starfsmanna á Kumbaravogi við hjúkrun/umönnun er 45,5% en í faglegum viðmiðum Embættis landlæknis um mönnun á hjúkrunarheimilum er lágmarkshlutfall til að hægt sé að tryggja öryggi þjónustunnar 57,13%. Hlutfall hjúkrunarfræðinga er 10,7% en lágmarkshlutfall þeirra þarf að vera 20,2% til að tryggja öryggi íbúa. Fjöldi umönnunarklukkustunda á sólarhing er 4,3 en lágmarksfjöldi er 4,65. Starfshlutfall sjúkraþjálfara er 60% og heilsugæslulæknir kemur einu sinni í viku.

Töluvert vantar á að fagleg mönnun sé nægjanleg. Umönnun íbúa á Kumbaravogi er því að verulegu leyti veitt af ófaglærðu starfsfólki. Þrátt fyrir að margir íbúar heimilins séu með geðræn vandamál þá er geðlæknir ekki kallaður til.

### Gæði og öryggi

Við skoðun á niðurstöðum úr RAI mati á Kumbaravogi kemur í ljós að margir gæðavísar heimilisins eru fyrir ofan og við efri viðmiðunarmörk. Niðurstöðurnar sýna áberandi háa tíðni þunglyndiseinkenna og algengi byltna og hegðunarvandamála er einnig töluvert yfir efri viðmiðunarmörkum. Þvag- eða hægðaleki án reglubundinna salernisferða er langt yfir efri viðmiðunarmörkum (Kumbaravogur 80%, landsmeðaltal 10%). Þá er algengi þvagleggja yfir efri viðmiðunarmörkum sem og algengi þvagfærasýkinga. Algengi rúmfastra íbúa er töluvert yfir efri viðmiðunarmörkum (Kumbaravogur 24%, landsmeðaltal 10%). Embætti landlæknis gerir athugasemdir við litla virkni íbúa á heimilinu, 70% íbúa hafa skv. niðurstöðum RAI mats lítið sem ekkert fyrir stafni.

Engin gæðahandbók er til á heimilinu nema verklagsreglur er varða lyfjagjöf. Atvik eru skráð í Sögu kerfið og ekki hefur verið tilkynnt um alvarleg atvik til Embættis landlæknis.

Varðandi rýmingaráætlun og brunavarnir virðist ekkert verið gert síðan í úttekt embættisins árið 2015 og er það ennþá algerlega ófullnægjandi.

### Húsnæði og aðbúnaður

Embætti landlæknis gerði töluverðar athugasemdir við húsnæði heimilisins í úttektinni árið 2012 og 2015 en lítið sem ekkert hefur verið gert í þeim málum þrátt fyrir margítrekaðar ábendingar frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Húsgögn og innréttingar eru úr sér gengin og rúm íbúanna eru flest um eða yfir 30 ára gömul nema þau sem íbúar eiga sjálfir.

Húsnæði sem kallast Snekkjuvogur er aðgreint fra meginhúsnæðinu. Þar dveljast sex íbúar í hjúkrunarrýmum og einn í dvalarrými, auk þess er í húsinu aðstaða til sjúkráþjálfunar. Þetta húsnæði uppfyllir í engu þær kröfur sem gerðar eru til húsnæðis heilbrigðisþjónustu.

*Niðurstaða*

Það er mat Embættis landlæknis eftir þessa úttekt að rekstur hjúkrunarheimilisins Kumbaravogs uppfylli ekki lágmarkskröfur um mönnun, húsnæði, aðstöðu, tæki og búnað til reksturs heilbrigðisþjónustu, sbr. 7. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, nr.41/2007. Embættið tekur fram að starfsfólk virðist láta sé annt um vellíðan íbúa þrátt fyrir óviðunandi húsnæði og aðbúnað.